

Umhverfis- og samgöngunefnd

Umhverfismál – loftslagsmál

Íslendingar eiga mikið undir umhverfinu og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Sjálfbær þróun mætir kröfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Hún byggist á þremur meginstoðum; vistfræðilegri, félagslegri og efnahagslegri, sem eru óaðskiljanlegar og háðar hver annarri. Aðgerðir og ákvarðanir varðandi nýtingu og vernd náttúrunnar skulu teknar með sjálfbærni og framtíðarafkomu þjóðarinnar að leiðarljósi.

Loftslagsbreytingar sökum of mikils koldíoxíðs í lofti og sjó er ein stærsta ógnin við öryggi og efnahag þjóðarinnar. Metnaðarfull markmið Íslands um samdrátt í losun og bindingu kolefnis og markmið um kolefnishlutleysi kalla á skýra sýn og nálgun sem á að byggja á frumkvæði og framtaki einstaklinga og atvinnulífs. Hlutverk stjórnvalda er að skapa það umhverfi að hægt sé að ná settum markmiðum og vega þar þungt aðgerðir sem hvetja til orkuskipta í lofti, láði og legi. Í því samhengi er ljóst að afla þarf grænnar orku svo hægt sé að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir græna orkugjafa.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því að orku- og loftslagsmál séu nú í sama ráðuneyti, enda sitthvor hlið á sama peningnum þar sem óframkvæmanlegt er að ná settum markmiðum í loftslagsmálum nema til komi aukin græn orka.

Íslendingar eiga að beita sér af fullum krafti fyrir verndun lífríkis sjávar, þar á meðal aðgerðum sem beinast gegn súrnun og hækkun hitastigs, enda eigum við mikið undir gjöfulum auðlindum hafsins. Líkt og með hönnun og setningu aflamarkskerfisins, á Ísland að vera leiðandi í öruggri, sjálfbærri og framsýnni þróun á reglum og hvötum til að bregðast við versnandi heilsu sjávar. Gera á greiningu á helstu hættum sem steðja að sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda vegna koldíoxíðsmengunar og hafinu gerð sérstök skil í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Einkaframtakið og eignarétturinn er besta náttúruverndin. Greiða skal leið einkaframtaks til að hafa jákvæð umhverfisleg áhrif og auka með því líkur á árangri. Líta

ber á nýsköpun og samstarf frumkvöðla, fyrirtækja og opinberra aðila sem jákvæða viðbót í sameiginlegt átak til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Ljóst er að á næstu árum munu eiga sér stað grundvallarbreytingar á hagkerfum heimsins sökum loftslagsbreytinga og vegna viðbragða stjórnvalda, atvinnulífs, og einstaklinga við þeim. Ísland býr að einstökum náttúruauðlindum, aðgengi og þekkingu á hafinu, sterku vísinda- og frumkvöðlasamfélagi og ímynd um sjálfbærni og er því í kjöraðstöðu til að vera leiðandi í uppbyggingu á nýjum iðnaði á sviði föngunar, förgunar og nýtingar kolefnis. Mikilvægt er að öll sú kolefnisförgun og binding sem stefnir í að verði stunduð á Íslandi telji inn í losunarbókhald landsins eða nýtist varðandi markmið Íslands í loftslagsmálum.

Hvetja skal til nýsköpunar og notkunar á helstu tækninýjungum þegar kemur að endurvinnslu og flokkun úrgangs með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og samræma flokkunarreglur og aðferðir um land allt og skapa aðstæður fyrir aukna samkeppni. Til að fyrirtæki geti þróað nýjar lausnir á þessu sviði þurfa þau að geta nálgast hráefni og orku til að skapa verðmæti. Með því að auka aðgengi að ónýttum afurðum framleiðsluferla ýtum við undir nýsköpun. Lögð skal áhersla á eflingu hringrásarhagkerfisins með aukinni fullendurvinnslu innanlands.

Ráðast þarf í markvissar aðgerðir til þess að draga úr plastmengun á landi sem og í sjó.

Mikilvægt er fyrir náttúruvernd Íslendinga að vinna að uppgræðslu og jarðvegsbindingu. Það verður best gert í samstarfi við þá sem hafa, vilja og geta grætt og ræktað landið. Brýnt er að endurskoða lög um skógrækt og landgræðslu, með tilliti til eftirfylgni. Tímabundin kolefnisbinding fæst ekki bara með að planta trjám heldur er einnig mikilvægt að grisja þá skóga sem fyrir eru og nýta afurðir sem mest innan hringrásarhagkerfisins.

Uppbygging þjóðgarða verður að vera í sátt við sveitarfélög, landeigendur, nýtingarréttarhafa og aðra hagaðila. Eigi að auka umfang þjóðgarða og friðlýstra svæða, má ekki fara út fyrir markmið friðlýsingar og ávinningur þarf að vera ljós. Líta þarf til þess að tryggja ferðafrelsi um hálendi Íslands, öruggan flutning raforku sem og nauðsynlega nýtingu auðlinda. Leggja ber áherslu á að stjórnun og umsjón friðlýstra svæða og þjóðgarða sé sem mest í höndum heimamanna í samráði við þá sem nýta og njóta svæðisins. Sjálfstæðisflokkurinn fagnar þeirri ákvörðun að lögheimili Vatnajökulsþjóðgarðs hafi verið flutt á Höfn í Hornafirði.

Fiskeldi, hvort heldur sem er í sjó eða á landi, er mikilvæg viðbót við öflugan sjávarútveg sem stundaður er á Íslandi. Mikil tækifæri felast í fiskeldi og útflutningsverðmæti eru mikil. Stíga þarf varfærin skref og gera ströngustu kröfur í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi þegar kemur að fiskeldi í sjó og á landi.

Samgöngur - lífæð samfélagsins

Samgöngur eru lífæð samfélagsins og leggja þarf áherslu á að allar samgöngur séu mikilvægar hvort heldur sem er á lofti, láði eða legi. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að ráðist verði í alvöru úrbætur í samgöngum þar sem áhersla er lögð á hraðari uppbyggingu með betri nýtingu fjármuna. Við gerð samgönguáætlunar ættu öryggissjónarmið og ábati samgönguúrbóta fyrir nærsvæði að hafa mest vægi. Með því móti er lagður grunnur að meira öryggi, sterkari byggðastefnu, atvinnusköpun, auknum hagvexti og umhverfisvænni samgöngum. Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því átaki sem átt hefur sér stað í samgöngumálum. Ekki hafa verið settir jafn miklir fjármunir í vegakerfið í lengri tíma. Auknar framkvæmdir í samgöngum eru hagrænar aðgerðir sem skila sér í auknum hagvexti. Sjálfstæðisflokkurinn fagnar áformum um stóraukin framlög til samgönguframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Skerpa þarf á framkvæmd samgöngusáttmálans og tímasetningum. Styrkja þarf rekstur og viðhald innviða samgöngumannvirkja og efla afkastagetu, t.d. með snjallvæðingu umferðarstýringa. Nauðsynlegt er að lokið verði sem fyrst við ófrágengna fjármögnun innviða og rekstrar. Aðilar sáttmálans þurfa að vinna saman að markmiðunum. Sérstök áhersla skal lögð á nýjar ljósastýringar, mislæg gatnamót á Bústaðavegi og Reykjanesbraut, jafnframt Arnarnesvegi og tengingu við Breiðholtsbraut. Með honum skal tryggja bættar samgöngur og frelsi einstaklinga þegar kemur að samgöngumáta, hvort sem um er að ræða almenningssamgöngur, almenna bifreiðaumferð, gangandi eða hjólandi. Einn samgöngumáti á ekki að þrengja að öðrum. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að þetta mikilvæga verkefni sé undirbúið vel, kynnt vel fyrir íbúum og um það sköpuð góð sátt. Mikilvægt er að tryggja arðbæra nýtingu fjármuna þannig að markmið um greiðari samgöngur, aukin lífsgæði og valfrelsi í samgöngum náist.

Ráðast þarf í flýti framkvæmdir í samgöngum á grundvelli fjölbreyttari fjármögnunar og í samstarfi við einkaaðila en þannig er hægt að ná fram hraðari uppbyggingu samgöngumannvirkja. Sundabraut er gott dæmi um aðkallandi og nauðsynlega framkvæmd sem hægt væri að vinna með þeim hætti. Sundabraut er forgangsverkefni

sem ber að flýta sem mest. Þrátt fyrir að stöðugt hafi verið þrengt að legu hennar er enn mögulegt að koma henni í framkvæmd. Með bættum innviðum í samgöngum eykst umferðaröryggi sem hefur verið ábótavant um langt árabíl.

Stóraukin áhersla verði lögð á uppbyggingu stofn- og tengivega um land allt. Ferjuleiðir verði skilgreindar sem þjóðvegir og þannig litið á þær sem hluta af þjóðvegakerfinu. Mótuð verði áætlun um gerð jarðganga til lengri tíma, styrkingu ferjuleiða, m.t.t. tíðni og öryggis og viðhald flugvalla og uppbyggingu varaflugvalla fyrir Keflavíkurflugvöll á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Tryggja þarf áætlunarflug til og frá Vestmannaeyjum. Þá þarf að ráðast í að fækka einbreiðum brúm um land allt og breyta 2+1 vegum í 2+2. Ljúka þarf rannsóknum á gerð jarðgangna á milli lands og Vestmannaeyja. Greiðar og öruggar samgöngur eru mikilvægar undirstöður atvinnulífs og styrkja samkeppnishæfni byggðarlaga landsins. Ljúka þarf tvöföldun helstu leiða frá höfuðborgarsvæðinu, s.s. Reykjanesbraut, Vesturlandsveg og Suðurlandsveg og horft til bestu mögulegu leiða við útfærsluna, enda er það brýnt ef til rýmingar höfuðborgarsvæðisins kemur.

Til að orkuskipti í samgöngum geti gengið greiðlega í náninni framtíð þarf að mynda alvöru skattalega hvata fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Einnig þarf að tryggja nauðsynlega innviði, eins og raforkuöryggi og -framboð, um land allt. Nýjar áherslur í vegagerð á Íslandi eru orðnar mjög brýnar vegna aukinnar umferðar. Löngu er orðið tímabært að endurskoða vegalög og innleiða þær kröfur og alþjóðlega staðla sem vegakerfi nútímans þarf að uppfylla.

Sjálfstæðisflokkurinn áréttar að Reykjavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir allt landið. Brýnt er að flugvöllurinn verði óskertur í Vatnsmýri, ekki verði þrengt frekar að starfsemi hans en orðið er og ný flugstöð verði byggð sem allra fyrst. Öruggar flugsamgöngur innanlands geta verið lífsspursmál fyrir íbúa á landsbyggðinni og því þarf að efla sjúkraflug um land allt.

Innanlandsflug er hluti af almenningssamgöngukerfinu. Stórt skref var stigið til þess að jafna búsetuskilyrði með Loftbrú (*skosku leiðinni*) sem hefur haft jákvæð áhrif fyrir íbúa á landsbyggðinni.

Horfa verður til nýrra eldsneytiskosta eins og rafmagns og vetnis þegar kemur að flugsamgöngum á Íslandi. Stefna skal á orkuskipti í innanlandsflugi á Íslandi fyrir árið 2030. Samhliða þeim breytingum er nauðsynlegt að ráðast í uppbyggingu innviða á flugvöllum landsins m.t.t. hleðslumöguleika og sjá til þess að flugvellir landsins verði í stakk búnir fyrir aukna flugumferð

Nýting náttúruauðlinda

Þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda Íslands hefur reynst vel að nýtingar- og afnotaréttur sé í höndum einkaaðila. Ráðstöfun nýtingarréttinda á auðlindum í opinberri eigu skal vera gagnsæ með almannahag að leiðarljósi. Virða ber eignar- og nýtingarrétt einstaklinga á auðlindum og ekki grípa til þjóðnýtingar eða skerðingar á réttindum einstaklinga, nema nauðsyn beri til. Að sama skapi ber að vinna gegn þeim sjónarmiðum að ríkið þurfi að eignast allt land sem er mikilvægt m.t.t. náttúruverndar.

Flutningskerfi raforku

Innviðir samfélagsins skipta almenning og atvinnulífið miklu máli og eru þáttur í því að tryggja lífsgæði, velferð og samkeppnishæfni Íslands. Brýnt er að flýta frekari uppbyggingu flutningskerfis raforku, ekki síst til að bæta afhendingaröryggi í einstökum landshlutum og auka um leið samkeppnishæfni þeirra en ekki síður vegna loftslagsmarkmiðanna. Áfram skal lögð áhersla á dreifingu þriggja fasa rafmagns. Í því sambandi þarf að tryggja að flutningur og dreifing raforku sé örugg og verðlagning sanngjörn óháð staðsetningu. Stjórnvöld verða að tryggja með öllum tiltækum ráðum afhendingaröryggi raforku um allt land og ryðja þannig braut að grænni iðnaðaruppbyggingu og orkuskiptum. Hryggjarstykkið í því að ná markmiðum í loftslagsmálum er öflugt flutningskerfi raforku.

Fjarskipti

Mikil tækifæri felast í uppbyggingu fjarskiptainnviða um land allt eins og sést hefur með ljósleiðaravæðingu landsins sem Sjálfstæðisflokkurinn var í forystu fyrir. Enn eru eftir mikilvæg verkefni við lagningu ljósleiðara í þéttbýli um land allt sem ráðast þarf í tafarlaust.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því að lagning nýs gagnasæstrengs milli Íslands og Evrópu sé að verða að veruleika en fyrirhugað er að strengurinn verði kominn í gagnið í upphafi næsta árs. Nýr gagnasæstrengur mun opna mikla möguleika á uppbyggingu gagnavera um land allt á Íslandi.

Ísland nýtur gríðarlegrar samkeppni á innanlandsmarkaði í fjarskiptum en er hins vegar eina landið með einokun á millilandatengingum í kringum ríkisfyrirtækið Farice. Koma þarf á samkeppni í millilandatengingum og ríkinu út úr rekstri fjarskipta.

Sveitarstjórnarstigið – öflugri sveitarfélög

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á sjálfstæði sveitarfélaga. Stuðla þarf að aukinni samvinnu þeirra og sameiningu í samræmi við vilja íbúa. Endurskoða þarf verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með hliðsjón af reynslu við yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaganna. Tryggja þarf að þeir sem nýta grunnþjónustu sveitarfélaga greiði fyrir hana.

Endurskoða þarf skattstofn fasteignaskatta að fyrirmynd Norðurlandanna með það að markmiði að draga úr sveiflum á skattstofninum og þróun hans verði fyrirsjáanlegri. Sveitarfélögum þarf að vera í sjálfsvald sett að ákveða hvernig fasteignagjöld eru ákveðin og innheimt með það að markmiði að draga úr skattbyrði einstaklinga og fyrirtækja.

Gera á sveitarfélögum kleift að flýta samgönguframkvæmdum á samgönguáætlun með því að taka málin í eigin hendur. Auðvelda þarf sveitarfélögum að útvista verkefnum og nýta krafta einkaaðila þegar það á við svo sem í leikskólum, grunnskólum og velferðarþjónustu. Leggja skal áherslu á samráð við íbúa.

Byggðamál – tækifæri landsbyggðanna

Frelsi til vals um búsetu er mikilvægt. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að með öflugri grunnþjónustu verði byggð um allt land best tryggð.

Tækifæri landsbyggðarinnar til aukinna lífsgæða íbúa verða best tryggð með öruggu og nægu rafmagni, fjölbreyttri menntun, góðum samgöngum, traustu aðgengi að heilbrigðisþjónustu og öflugum fjarskiptum.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að nærsamfélög fái notið sanngjarns arðs af nýtingu auðlinda.

